

Rannsóknarskýrslur um áfengismál – samantekt

Rannsóknarskýrslur um áfengi, neyslumynstur áfengis, áhrif áfengisneyslu á einstaklinga og samfélög, áhrif breytinga á sölufyrirkomulagi áfengis og gagnreyndar aðgerðir til að draga úr eða sporna við skaðlegum áhrifum áfengis.

ESPAD-The European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs

http://espad.org/Uploads/ESPAD_reports/2011/The_2011_ESPAD_Report_FULL_2012_10_29.pdf

http://www.espad.org/Uploads/ESPAD_reports/2007/The_2007_ESPAD_Report-FULL_091006.pdf

http://www.espad.org/Uploads/ESPAD_reports/2003/The_2003_ESPAD_report.pdf

http://www.espad.org/Uploads/ESPAD_reports/1999/The_1999_ESPAD_report.pdf

http://www.espad.org/Uploads/ESPAD_reports/1995/The_1995_ESPAD_report.pdf

Sam-Evrópsk rannsókn, gerð á 4 ára fresti, sem skoðar áfengis- og vímuefnanotkun ungmenna (15-16 ára)

Niðurstaða: (einungis horft á áfengishlutann)

- Íslensk ungmenni á aldrinum 15-16 ára neyta hvað minnst áfengis miðað við önnur ungmenni í Evrópu, bæði þegar horft er til heildarneyslu yfir eitt ár og neyslu síðustu 30 daga.
- Noregur, Svíþjóð og Finnland raða sér öll neðarlega yfir lönd þar sem drykkja ungmenna er lítil. Í Danmörku er ungmennadrykkja með því hæsta sem gerist í Evrópu.

(2009) Vímuefnaneysla íslenskra unglinga í alþjóðlegum samanburði 1995-2007

http://www.espad.is/V%C3%ADmuefnaneysla_2007.pdf

Samantekt á áfengis- og vímuefnanotkun ungmenna á Íslandi á árunum 1995-2007. Unnið úr gögnum ESPAD

Niðurstaða: (einungis horft á áfengishlutann)

- Íslensk ungmenni á aldrinum 15-16 ára neyta hvað minnst áfengis miðað við önnur ungmenni í Evrópu, bæði þegar horft er til heildarneyslu yfir eitt ár og neyslu síðustu 30 daga.
- Noregur, Svíþjóð og Finnland raða sér öll neðarlega yfir lönd þar sem drykkja ungmenna er lítil. Í Danmörku er ungmennadrykkja með því hæsta sem gerist í Evrópu.

(2010) Best practice in estimating the costs of alcohol – Recommendations for future studies

http://www.euro.who.int/_data/assets/pdf_file/0009/112896/E93197.pdf

Samantekt á kostnaðarþáttum sem tengjast áfengisneyslu

Niðurstaða:

- Kostnaðarliðir sem tengjast áfengisneyslu eru m.a.: Heilbrigðisþjónusta, félagsleg ummönun, afbrot, ölvunarakstur og vinnutap.
- Suma kostnaðarliði getur verið erfitt að meta til fjár s.s sársauka, þjáningu og dauðsföll.
- Áfengi hefur þó að einhverju leyti fjárhagslegan ávinning með í för s.s. framleiðslustörf og viðskipti, sem er oft ekki tekið með í útreikninga.
- Mikilvægt að finna orsakasamhengi milli kostnaðarliða og áfengisneyslu.
- Ráðleggingar varðandi kostnaðarútreikninga.

(2012) Effects of Alcohol Retail Privatization on Excessive Alcohol Consumption and Related Harms

<http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0749379712000256>

Skoðuð eru áhrif einkavæðingar áfengissölu á óhóflega neyslu áfengis og skaða af völdum þess

Niðurstaða:

- Sterkar vísbendingar benda til þess að áfengisala og óhófleg neysla áfengis aukist í kjölfar einkavæðingar á sölu áfengis.
- Ríkisrekstur á sölu áfengis stuðlar að minni skaðsemi en ef salan er gefin frjáls.
- Stýring stjórnvalda á áfengissölu í verslunum er ein árangursríkasta leiðin til að minnka óhóflega neyslu og koma í veg fyrir dauðsföll og skaðsemi af völdum áfengis.

(2009) The Effectiveness of Limiting Alcohol Outlet Density As a Means of Reducing Excessive Alcohol Consumption and Alcohol-Related Harms

<http://www.thecommunityguide.org/alcohol/EffectivenessLimitingAlcoholOutletDensityMeansReducingExcessiveAlcoholConsumptionAlcohol-RelatedHarms.pdf>

Tengsl áfengisneyslu og skaða af völdum þess við aukið/takmarkað aðgengi

Niðurstaða:

- Jákvæð tengsl milli fjölda verslana og aukinnar áfengisneyslu sem og skaðsemi, m.a. sjúkdómar, meiðsli, glæpi og ofbeldi.
- Stýring á aðgengi áfengis getur verið stjórnþæki til að minnka ofneyslu áfengis og neikvæðar afleiðingar þess.

(2010) Potential consequences of replacing a retail alcohol monopoly with private licence system: results from Sweden

http://people.su.se/~totto/downloadable_publications/A50.pdf

Mögulegar afleiðingar þess að leggja niður einkaleyfi ríkis á sölu áfengis í Svíþjóð og taka upp frjálsa verslun

Niðurstaða:

- Tvö tilfelli tekin fyrir:
 - 1. Skipta út einkaleyfi ríkis fyrir aðrar einkareknar verslanir með áfengissöluleyfi.
 - 2. Leyfa áfengissölu í matvöruverslunum.
- Fyrri tilfellið er talið skila 17% aukningu í áfengisneyslu sem myndu auka tilfellum dauðsfalla um 770, líkamsárása um 8.500 og veikindadagar myndu fjölga um 4,5 milljón á ári.
- Seinna tilfellið er talið skila 37,4% aukningu í áfengisneyslu sem myndu auka tilfellum dauðsfalla um 2.000, líkamsárása um 20.000 og veikindadagar myndu fjölga um 11,1 milljón á ári.

(2014) 2014 ISSUE BRIEFS FOR STATES – Brief Explanation of Common Alcohol Regulatory Issues Facing State and Local Communities

<http://www.healthyalcoholmarket.com/pdf/IssueBriefs2014.pdf>

Spurningar og svör sem viðkoma áfengissölu og kostir stýrðrar áfengissölu

(2011) Preventing Excessive Alcohol Consumption: Privatization of Retail Alcohol Sales

<http://www.thecommunityguide.org/alcohol/privatization.html>

Aukin áfengisneysla í kjölfar einkavæðingar, samantekt á 17 rannsóknum

Niðurstaða:

- Samantekt úr 17 rannsóknum gaf til kynna að 44% aukning verði á sölu áfengis á mann við einkavæðingu.
- Samantekt úr 9 rannsóknum gaf til kynna að 2,2% minnkun á sölu áfengis á stöðum með ríkisreknar áfengisverslanir

NABCA – National Alcohol Beverages Control Association

<http://www.nabca.org/>

Heimasíða „National Alcohol Beverages Control Association“

eurocare - European Alcohol Policy Alliance

<http://eurocare.org/>

Heimasíða „European Alcohol Policy Alliance“

(2013) Mulled whines – People are drinking less but doing so more harmfully. Policymakers want higher prices-causing a headache for the booze industry

<http://www.economist.com/news/international/21591878-people-are-drinking-less-doing-so-more-harmfully-policymakers-want-higher?fsrc=nlw%7Cchiq%7C12-18-2013%7C7246069%7C38152364%7C>

Minni áfengisdrykkja en skaðlegri drykkjarvenjur

Niðurstaða:

- Fólk drekkur áfengi í meira magni en áður.
- Verð er of lágt. Hærra verð mun leiða til minni drykkju.

(2013) ALCOHOL AND SOCIETY – A Research Report from IOGT-NTO and the Swedish Society of Medicine

<http://ioqt.se/wp-content/uploads/forskningsrapport-eng-HELA.pdf>

Áfengi og samfélagið, áhersla á ungmenni

Niðurstaða:

- Þrátt fyrir að vísbendingar um að áfengisdrykkja ungmenna í Svíþjóð hafi dregist saman á síðustu árum þá er hlutfallið ennþá hátt, sem og skaðsemin af völdum þess.
- Vísbendingar eru um að áfengisdauði, umferðaslys af völdum áfengis og ofbeldi hafi farið vaxandi.
- Mikilvægt að viðhalda einkaleyfi ríkis á áfengissölu, ströngum lögum varðandi ölvunarakstur og háum skatti á áfengi.

(2013) Status Report on Alcohol and Health in 35 European Countries 2013

http://www.euro.who.int/_data/assets/pdf_file/0017/190430/Status-Report-on-Alcohol-and-Health-in-35-European-Countries.pdf

Úttekt á áfengisnotkun og heilsufari í 35 Evrópulöndum

(2013) OECD Factbook 2013 – Alcohol consumption

http://www.oecd-ilibrary.org/economics/oecd-factbook-2013/alcohol-consumption_factbook-2013-99-en

Áfengisneysla í OECD ríkjum

Niðurstaða:

- Ísland, Noregur og Svíþjóð skipa sér í hóp þeirra Evrópulanda í OECD sem drekka minnst af áfengi eða í kringum 7 lítra á einstakling (árið 2010). Meðaltal OECD landa er milli 9 og 10 lítra á einstakling.

(2013) Alcohol Policy in Europe Evidence from AMPHORA (Alcohol Public Health Research Alliance)

<http://amphoraproject.net/w2box/data/e-book/AMPHORA%20ebook.pdf>

Áfengisnotkun og lýðheilsa í Evrópu

Niðurstaða: (margar minni greinar)

- Einstaklingar í Evrópu neyta að meðaltali tvöfalt meira af áfengi en meðaltal heimsins.
- Skaðsemi af völdum áfengis er mikil í Evrópu, 10% af ótímabærum sjúkdómum tilkomið vegna áfengisneyslu, 1 af hverjum 7 ótímabærum dauðsföllum má rekja til áfengis hjá körlum og 1 af hverjum 13 hjá konum.
- Ísland, Svíþjóð, Noregur og Finnland hafa ströngustu löggjöfina í Evrópu varðandi sölu áfengis.
- Jákvæð tengsl eru á milli strangrar áfengislöggjafar og minni áfengisneyslu.
- Frjálsræði í sölu áfengis ýtir undir áfengisdrykkju og skaðsemi af völdum þess.

(2014) WHO (World Health Organization): Global status report on alcohol and health 2014

http://apps.who.int/iris/bitstream/10665/112736/1/9789240692763_eng.pdf

Úttekt á áfengisnotkun og heilsufari í heiminum

(2008) Does a pint a day affect your child's pay? The effect of prenatal alcohol exposure on adult outcome

<http://www.cemmap.ac.uk/wps/cwp2208.pdf>

Áfengisneysla á meðgöngu og afdrif afkomenda 30 árum síðar, ásamt tengingu við einkavæðingu á sölu á sterkum bjór í Svíþjóð á sjöunda áratugnum.

Niðurstaða:

- Einstaklingar sem voru mest útsettir fyrir áfengisnotkun móður á meðgöngu, höfðu lægri tekjur og lægra menntunarstig en samanburðarhópur.

(2013) Who pays the bar tab? Beer consumption and economic growth in the United States.

<http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/ecin.12048/pdf>

Tengsl áfengisneyslu og hagvaxtar í Bandaríkjunum. Gögn frá 1971-2007 skoðuð

Niðurstaða:

- Aukning á áfengisneyslu tengd við minni hagvöxt og minnkun á áfengisneyslu tengd við aukinn hagvöxt.
- Hækkun á áfengisskatti eykur hagvöxt.

(2013) The Fiscal and Social Effects of State Alcohol Control Systems

<http://irlee.umich.edu/Publications/Docs/FiscalAndSocialEffectsOfStateAlcoholControlSystems.pdf>

Kannaður er kostnaður og ávinningur á einkasölu ríkis á áfengi og dreifingu. Byggt á þriggja áratuga gögnum frá ýmsum fylkjum Bandaríkjanna.

Niðurstaða:

- Fylki með ríkisrekstur fengu tvöfalt meiri tekjur en fylki sem seldu áfengissöluleyfi til verslana.
- Fylki með með einkaleyfi á sölu áfengis fengu inn meiri tekjur af áfengissölu jafnvel þó þau seldu minna magn en fylki sem höfðu einkavætt áfengissöluna.
- Áfengisneysla var 12-15% minni í fylkjum með ríkisrekstur.
- Vísbendingar um að ríki sé ábyrgari söluaðila áfengis en einkaaðili.

(2011) Legal interventions to reduce alcohol-related cancers

http://www.mccabecentre.org/downloads/Legal_interventions_to_reduce_alcohol_related_cancers.pdf

Innleiðing laga sem stuðla að lægri tíðni krabbameina sem tengja má við áfengisneyslu

Niðurstaða:

- Ekki ráðlagt að draga úr reglum sem varða áfengi, sérstaklega það sem á við ungt fólk. Fremur ætti að vera áhersla á gerð stefnumótunar um minnkun áfengisneyslu, til að mynda með verðhækkun og takmörkun framboðs.
- Til þess að draga úr áhrifum áfengis sem leiða til myndunar krabbameins þarf að draga úr neyslu.

(2009) Effectiveness and cost-effectiveness of policies and programmes to reduce the harm caused by alcohol

http://www.who.int/choice/publications/p_2009_CE_Alcohol_Lancet.pdf

Skilvirkni og hagkvæmni ýmissa stefna og aðgerða sem stuðla að minni skaðsemi áfengisnotkunar

Niðurstaða:

- Reglur varðandi aðgengi áfengis og verðs eru skilvirk aðferð til að minnka skaðsemi af völdum áfengis.
- Hærra verð, takmarkaðra aðgengi og bann við áfengisauglýsingum er góð leið til að minnka skaðsemi áfengis.

(2011) *The Growing Danger of Non-Communicable Diseases, The World Bank*

<http://siteresources.worldbank.org/HEALTHNUTRITIONANDPOPULATION/Resources/Peer-Reviewed-Publications/WBDeepeningCrisis.pdf>

Aukning á lífstíslengdum sjúkdómum, áfengisneysla áhættuþáttur

Niðurstaða:

- Áfengi er einn af áhættuþáttum fyrir lífstíslengda sjúkdóma. Aðgerðir til að sporna við aukinni neyslu er að auka skattlagningu, banna auglýsingar og hefta aðgengi.

(2014) *Heterogeneous population effects of an alcohol excise tax increase on sexually transmitted infections morbidity*

<http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/add.12493/pdf>

Tengsl skattahækkana á áfengi og tíðni kynsjúkdóma

Niðurstaða:

- Skattahækkanir á áfengi eru tengd við fækkun smita á kynsjúkdómum, sérstaklega meðal jaðarhópa.

(2010) *Does Drinking Impair College Performance?*

<http://www.econ.ucdavis.edu/faculty/scarrell/drinking.pdf>

Áhrif áfengisneyslu á frammistöðu nemenda í háskóla

Niðurstaða:

- Áfengisneysla hefur marktæk neikvæð áhrif á frammistöðu í skóla, sérstaklega meðal þeirra sem skara fram úr.
- Ljóst að neikvæðu áhrifin ná til breiðari hóps en bara þeirra sem standa sig illa.

(2009) *Alcohol consumption, sleep, and academic performance among college students.*

[http://www.jsad.com/jsad/downloadarticle/Alcohol Consumption Sleep and Academic Performance Among College Students/4614.pdf](http://www.jsad.com/jsad/downloadarticle/Alcohol%20Consumption%20Sleep%20and%20Academic%20Performance%20Among%20College%20Students/4614.pdf)

Tengsl milli áfengisneyslu, svefns og frammistöðu í háskóla

Niðurstaða:

- Áfengisneysla hefur marktæk áhrif á: Lengd svefns, háttatíma og óreglu í svefnvenjum um helgar miðað við virka daga.
- Kyn, áfengisneysla, svefnlengd og dagsvefn höfðu marktæk áhrif á einkunnir.

(2006) *Per capita alcohol consumption and sickness absence (in Sweden)*

<http://people.su.se/~totto/articles/A38.%20Alcohol%20consumption%20and%20sickness%20absence.%20Addiction%202006.pdf>

Tengsl milli áfengisneyslu og fjarveru vegna veikinda (í Svíþjóð)

Niðurstaða:

- Aukning í áfengisneyslu um 1 lítra er tengdur við 13% aukningu í veikindum meðal karla. Ekki var um marktækan mun að ræða meðal kvenna.

(2009) Per capita alcohol consumption and sickness absence in Norway

http://people.su.se/~totto/downloadable_publications/A44.Alcohol%20and%20sickness%20absence%20in%20Norway.%20%20Eur%20J%20Public%20Health,2009.pdf

Tengsl milli áfengisneyslu og fjarveru vegna veikinda (í Noregi)

Niðurstaða:

- Aukning í áfengisneyslu um 1 lítra er tengdur við 13% aukningu í veikindum meðal karla. Ekki var um marktækan mun að ræða meðal kvenna.
- Niðurstöðurnar styðja sænsku rannsóknina sem var framkvæmd 2006 og ýta undir það að flokka megi veikindadaga sem skaðvald vegna áfengisneyslu.

(2011) Community Guide/CDC study on Privatization

<http://www.thecommunityguide.org/news/2012/AlcoholPrivatization.html>

<http://www.thecommunityguide.org/alcohol/privatization.html>

Stýring á áfengissölu lögð niður og sala gefin frjáls. Teknar eru saman niðurstöður frá 21 rannsókn.

Niðurstaða:

- Einkavæðing áfengissölu getur leitt til meiri áfengisneyslu.
- Einkavæðing áfengissölu leiðir oft til lengri opnunartíma verslana sem selja áfengi og fleiri opnunardaga.
- Fleiri áfengisverslanir tengjast auknum samfélagslegum meinum, líkt og ofbeldi og skemmdaverkum.
- Einkavæðing getur leitt til aukningu á áfengisauglýsingum, fjölgun tegunda sem selt er og minni framfylgd reglugerða. Á móti kemur að einkavæðing getur leitt til herra verðs sem dregur úr neyslu.

(2014) Provincial Liquor Boards: Meeting the Best Interest of Canadians – MADD Canada Policy Backgrounder

http://www.madd.ca/media/docs/MADD_Canada_Provincial_Liquor_Boards.pdf

Samantekt á mikilvægi þess að hafa stýrða áfengissölu

Niðurstaða:

- Óhófleg neysla áfengis hefur ekki einungis slæmar afleiðingar fyrir neysluaðila heldur líka á samfélagið.
- Innleiðing frelsi í sölu á áfengi mun auka skaðsemi af völdum áfengis og leiða til hærri samfélagslegs kostnaðar.
- World Health Organization, Canada National Alcohol Strategy og Centre for Addiction and Mental Health hafa öll gefið það út að með stýrðri áfengissölu er hægt að hafa áhrif á áfengisneyslu og skaðsemi af völdum þess.

- *Liquor boards* kemur á góðu jafnvægi milli aðgengis almennings og þjónustu gagnvart þeim.
- *Liquor Boards* getur stuðlað að fræðslu almennings, komið í veg fyrir kaup ungmenna á áfengi og kaup ölvaðra einstaklinga.
- Einkavæðing á áfengissölu setur verkefni sem snúa að samfélagslegri ábyrgð í hættu.

(2009) The effectiveness of Limiting Alcohol Outlet Density As a Means of Reducing Excessive Alcohol Consumption and Alcohol-Related Harms

<http://www.thecommunityguide.org/alcohol/EffectivenessLimitingAlcoholOutletDensityMeansReducingExcessiveAlcoholConsumptionAlcohol-RelatedHarms.pdf>

Tengsl áfengisneyslu og meina af þeirra völdum við aukið aðgengi áfengis

Niðurstaða:

- Tengsl á milli aukningu á fjölda verslana sem selja áfengi og aukinnar neyslu.
- Á árunum 1955-1980 jókst áfengisneysla um rúma 10 ml hreins áfengis fyrir hvert áfengissöluleyfi sem bætist við á hverja 1000 einstaklinga.
- Tengsl eru á milli fjölda áfengisverslana og dauðsfalla vegna skorpulifur.
- Jákvæð tengsl eru á milli sjálfsvíga meðal 10-24 ára einstaklinga og fjölda vínbúða.
- Árásum og spítalaheimsóknum fjölgar með fleiri vínbúðum.
- Beinn og óbeinn kostnaður af áfengisdrykkju í USA árið 1998 var metinn \$184,6 milljarðar.

(2011) Effects of Privatization of Alcohol Control System

<http://www.nabca.org/Resources/Files/2012131124314.pdf>

Fyrirkomulag áfengissölu í fylkjum Bandaríkjanna er skoðað og metnar afleiðingar einkavæðingar á áfengissölu

Niðurstaða:

- Öll fylki í Bandaríkjunum setja einhverskonar kvaðir á áfengi, s.s í formi skattlagningar, takmörkun á áfengissöluleyfi og sölutíma og í flestum tilfellum er krafist þriggja laga kerfis þar sem eignarhald framleiðenda, heildsala og smásala þarf að vera aðskilið.
- Einkavæðing á sölu áfengis leiðir ekki til fullkomins frjáls markaðar.
- Fylki með stýrða áfengissölu eru líklegri til að halda úti verslunum á fámennum svæðum.
- Fylki með stýrða áfengissölu neyta 13% minna af sterku áfengi og 7% minna af áfengi meðal 15 ára og eldri.
- Einkavæðing vínbúða eykur áfengisneyslu og skaðsemi af völdum þess s.s. líkamsárásir, sjálfsvíg, umferðaslýs, lifrabólgu og fleiri sjúkdóma.
- Samfélagslegur kostnaður af völdum áfengisneyslu hefur verið metinn meiri en tekjur hins opinbera af virðisaukaskatti, leyfisgjöldum, tekjuskatti, aðflutningsgjöld og vörugjöldum.

(1987) Alcohol Monopolies in the U.S.: Challenges and Opportunities

<http://www.jstor.org/stable/3342276>

Kostir og gallar við einkaleyfi ríkis á áfengissölu í Bandaríkjunum, frá bannárum til ársins 1987

Niðurstaða:

- Ástæða fyrir ríkisrekstri er að draga úr óhóflegri neyslu áfengis.

- Öll fylki sem hafa einkaleyfi á sölu áfengis, hafa einkaleyfi á heildsölunni en útfærsla smásölu er mismunandi.
- Ríkið hefur einkaleyfi á sölu áfengis, bæði í verslunum og veitingastöðum á búðarsvæði bandaríska hersins.

(2011) Giving Away the Store: A Preliminary analysis of the Corbett Administration-commissioned Liquor Privatization Analysis

<http://keystoneresearch.org/publications/research/PFM-Study-Analysis>

Gagnrýni á rannsókn sem studdi einkavæðingu áfengissölu í Pennsylvania-fylki í Bandaríkjunum, framkvæmd af PMF (Public Finance Management)

Niðurstaða:

- Áætlaðar tekjur af nýju áfengissölukerfi blásnar upp.
- Ekki tekið tillit til reynslu annarra af einkavæðingu áfengissölu.
- Rekstrarkostnaður núverandi kerfis ofmetinn.

(2006) Retail Alcohol Monopolies, Underage Drinking and Youth Impaired Driving Deaths

http://ac.els-cdn.com/S0001457506000819/1-s2.0-S0001457506000819-main.pdf?_tid=45e59f50-3074-11e4-b8f5-00000a0f6c&acdnat=1409423847_86ec88cc90f512fe81dfcafca0831c9

Áfengisdrykkja ungmenna undir lögaldr skoðuð ásamt tengslum við tíðni bílslysa sem valda dauðsföllum.

Niðurstaða:

- Umferðaslys minnkuðu töluvert meðal ungmenna og tveggja annarra aldurshópa við bjórbann 1977.
- Á sama tíma fækkaði komum ungmenna, yngri en 20 ára, á spítala vegna áfengistengdra mála.
- Í USA hafa 47% ungmenna drukkið áfengi síðastliðna 30 daga, þar af 29,3% óhóflega.
- Menntaskólanemar í stýrðu áfengissölu-umhverfi drekka minna og sjaldnar óhóflega en þeir sem búa við einkavædda áfengissölu.
- Einstaklingar undir 21 árs aldri drekka einn sjötta af öllu áfengi sem selt er í USA.

(2003) Sobering Results: The Alberta Liquor Retailing Industry Ten Years after Privatization

http://www.policyalternatives.ca/sites/default/files/uploads/publications/National_Office_Pubs/sobering_result.pdf

Farið yfir samfélagsleg áhrif af einkavæðingu á sölu áfengis, tíu árum eftir breytingu

Niðurstaða:

- Fjöldi áfengisverslana í Alberta hefur þrefaldast.
- Vinna hefur aukist á meðan laun hafa minnkað.
- Tengsl milli samfélagslegra vandamála og áfengisneyslu.
- Möguleg misnotkun á áfengi sýnir þörf á stýrðu umhverfi.
- Ríkið á að vernda einstaklinga frá ofneyslu áfengis.
- Áfengisneysla leiðir til aukins samfélagslegs kostnaðar.
- Áfengisverð hefur verið óstöðugt.

(2002) The repeal of medium-strength beer in grocery stores in Sweden

<http://www.dldocs.stir.ac.uk/documents/nad42.pdf> (Chapter 6)

Áhrif þess að hætta sölu á miðlungssterkum bjór í matvöruverslunum 1977 í Svíþjóð

Niðurstaða:

- Hefði miðlungssterkur bjór ekki verið seldur í matvöruverslunum, á árunum 1965-1977, þá hefði neysla áfengis verið 15% minni.
- Áfengisneysla einstaklings var 8% minni árið 1979 miðað við árið 1977.
- Dauðsföll og veikindi af völdum áfengisneyslu minnkaði umtalsvert á árunum 1978-1984, sérstaklega meðal ungmenna.
- Tíðni skaðsemis af völdum áfengis var mun hærrí þegar miðlungssterkur bjór var til sölu í matvörubúðum.
- Tíðni skorpulifur var sérstaklega há yfir tímabilið sem miðlungssterkur bjór var leyfður í matvöruverslunum.
- Umferðaslysum fækkaði um 15% meðal 10-19 ára, 39-40 ára og 60+ eftir 1977.

(1995) Potential consequences from possible changes to nordic retail alcohol monopolies resulting from European Union membership

http://www.researchgate.net/publication/227768965_Potential_consequences_from_possible_changes_to_Nordic_retail_alcohol_monopolies_resulting_from_European_Union_membership

Mögulegar afleiðingar þess að hætta með núverandi fyrirkomulag á sölu áfengis í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi

Niðurstaða:

- Aukning um 1 lítra af alkóhóli í áfengisneyslu myndi auka tíðni dauðsfalla vegna áfengisneyslu um 9,5% í Svíþjóð og 9,7% í Noregi.
- Aukning um 5 lítra af alkóhóli í áfengisneyslu myndi auka tíðni dauðsfalla vegna áfengisneyslu um 62% í Svíþjóð og 60% í Noregi. Líkamsárásir tengdar áfengisneyslu myndi aukast um 57% í báðum löndum.
- Aukning á fjölda áfengisverslana er talið ýta meira undir aukna áfengisneyslu en aukning á veitingastöðum og börum með vínveitingaleyfi.
- Neysla áfengis hefur tilhneigingu til að vera minni þegar aðgengi er stýrt.
- Neysla áfengis hefur tilhneigingu til að vera meiri þegar verð er lágt og minni þegar verð er hátt.
- Einstaklingar sem neyta mikils áfengis er jafn næmir fyrir verðbreytingum og þeir sem drekka minna.
- Tíðni skorpulifur hefur tilhneigingu til að aukast þegar verð lækkar og öfugt.

(2011) Impact on alcohol-related mortality of a rapid rise in the density of private liquor outlets in British Colombia: a local area multi-level analysis

http://www.ufcwpawineandspiritscouncil.com/publication_files/impact-on-alcohol-related-mortality-2.pdf

Dauðsföll tengd áfengisneyslu í samhengi við aðgengi áfengis

Niðurstaða:

- Mikil aukning á verslunum í Bresku Columbiu sem seldu áfengi, á árunum 2003-2008, voru tengd við aukin dauðsföll af völdum áfengis.
- Yfir rannsóknartímabilið minnkaði sala áfengis í vínbúðum á vegum ríkisins, sala á börum stóð í stað og sala veitingastaða og einkarekinna verslana jókst.

(2012) Cost of privatisation versus government alcohol retailing systems: Canadian example

http://www.researchgate.net/publication/50225082_Cost_of_privatisation_versus_government_alcohol_retailing_systems_Canadian_example

Mat á samfélagslegum kostnaði sem fylgir einkavæðingu á áfengissölu

Niðurstaða:

- Skaðsemi af völdum áfengis mun aukast ef öll fylki í Kanada myndu hætta með þau höft sem lögð er á áfengissölu.
- Ef öll fylki í Kanada myndu einkavæða sölu áfengis, þá myndi áfengisneysla aukast um 10-20%.
- Samfélagslegur kostnaður myndi aukast um \$828 milljónir m.v. 10% neysluaukningu og \$1,6 milljarð m.v. 20%.
- Óbein áhrif einkavæðingar á áfengissölu væru minni landsframleiðsla, vegna ótímabærra dauðsfalla og veikinda.

(2005) Do We Still Need Retail Alcohol Monopolies in The 21st Century?

<http://educalcohol.qc.ca/wp-content/uploads/2011/12/Monopolies-Final.pdf>

Mikilvægi stýrðar áfengissölu, í Kanada og öðrum löndum

Niðurstaða:

- Mikilvægar ástæður eru fyrir því að varðveita einkaleyfi ríkis á sölu áfengis, s.s. lýðheilsa.
- Einkavæðing áfengissölu getur hvatt til magnafsláttar.
- Markaðssetning myndi beinast að ungu fólki.

(2006) Minimum Purchasing Age for Alcohol and Traffic Crash Injuries Among 15- to 19-Year-Olds in New Zealand

<http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC1470436/>

Tengsl umferðaslysa 15-19 ára ungmenna í kjölfar lækkunar á áfengiskaupaaldri úr 20 ára niður í 18 ára

Niðurstaða:

- 12% aukning var á umferðaslysum hjá körlum á aldrinum 15-19 ára eftir lækkun áfengiskaupaaldurs.
- 14 % aukning var á umferðaslysum hjá körlum á aldrinum 18-19 ára eftir lækkun áfengiskaupaaldurs.
- Ekki var marktæk aukning meðal kvenna.
- Áfengiskaupaaldur er öflug leið til að minnka skaðsemi af völdum áfengisneyslu.

(2006) Societal Costs of Underage Drinking

http://www.jsad.com/jsad/article/Societal_Costs_of_Underage_Drinking/874.html

Samfélagslegur kostnaður sem hlýst af áfengisdrykkju ungmenna undir lögaldri

Niðurstaða:

- Áfengisneysla ungmenna undir lögaldri telur að minnsta kosti 16% af allri áfengisneyslu í USA árið 2001.
- Sú neysla er talin hafa leitt til 3.170 dauðsfalla og 2,6 milljarða annarra skaðsemistilvika.
- Kostnaðurinn var metinn \$61,9 milljarður sem skiptist í lækniskostnað, vinnutap og kostnað vegna vegna skertra lífsgæða.

(1999) Privatizing alcohol sales and alcohol consumption: evidence and implications

<http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1046/j.1360-0443.1999.94811253.x/pdf>

Samantekt einkavæðingar á áfengissölu í Norður Ameríku og hvers má vænta sé fetað í sömu fótspor

Niðurstaða:

- Aukning á fjölda útsölastaða sem selja áfengi fylgja oft en ekki slökun á reglum sem varða áfengissölu eða einkavæðingu.
- Opnunartími lengist og fjöldi opnunardaga eykst.
- Til styttri tíma mun verð annaðhvort hækka eða mismunandi verðmynstur þróast fyrir mismunandi vöruflokka.
- Til lengri tíma er líklegt að verð lækki og leiði til meiri neyslu.

(2004) Retail Alcohol Monopolies and Regulation: Preserving the Public Interest

https://knowledgex.camh.net/policy_health/substance_use/alcohol/Documents/retail_alcohol_mono_poly_req0104.pdf

Ókostir einkavæðingar á áfengissölu og aðgerðir til að sporna við þeim

Niðurstaða:

- Viðhalda ætti ríkisrekstri áfengis til að koma í veg fyrir áfengistengd vandamál.
- Smásala á áfengi ætti að vera undir stjórn ríkis og til staðar á að vera sterkt umboð í gegnum reglugerð til að stjórna og koma í veg fyrir vandamál tengd áfengisneyslu.

(1999) Comments on Her et al.'s „Privatizing alcohol sales and alcohol consumption evidence and implications“

<http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1080/09652149932929/pdf>

Athugasemdir við fimm rannsóknir framkvæmdar af Her et al. sem snúa að einkavæðingu áfengis og afleiðingum þess

(2014) Alcohol Deregulation by Ballot Measure in Washington State

http://www.healthyalcoholmarket.com/pdf/Alcohol_Deregulation_by_Ballot_Measure_in_Washingt_on_State.pdf

Afleiðingar þess að hafa lagt niður einkaleyfi ríkis á sölu áfengis í Washington-fylki árið 2011

Niðurstaða:

- Ávinningur íbúa Washington fylkis var rýr. Áfengisverð hækkaði strax um 12%.
- Of snemmt að meta samfélagsleg áhrif.
- Þeir sem hafa hagnast á nýju reglugerðinni eru Costco og aðrar stórar verslunarkeðjur.
- Minni búðir gátu ekki keppt við stóru verslunarkeðjurnar. Margar vínverslanir urðu gjaldþrota.
- Reglugerðin leiddi til þess að markaðinum er stjórnað af stóru verslunarkeðjunum („monopoly to a duopoly“).
- Reglugerðin saminn þannig að gjöld voru lögð á heildsala en ekki smásala, þ.a. stóru verslunarkeðjurnar sluppu.
- Minni áfengisframleiðendur eiga erfiðara uppdráttar.
- Þjófnaður jókst.

(2012) The Danger of Alcohol Deregulation: the United Kingdom Experience

<http://healthyalcoholmarket.com/pdf/UKUpdateReport%20final.pdf>

Þróun áfengisneyslu í Stóra Bretalandi með hliðsjón af reglugerðum og samanburður við USA

Niðurstaða:

- Aukinn pressa á að meðhöndla áfengi eins og aðrar vörur.
- Takmarkaður skilningur almennings á stýrðri áfengissölu.
- Eftir afnám reglugerða tekur umtalsverðan tíma að snúa lýðheilsu til hins betra.
- Ölvun ungmenna og ölvunarakstur hefur minnkað í Bretlandi eftir miklar herferðir en samt sem áður eru þessi vandamálín algeng og alvarleg.
- Aukning á sölu gæðavöru sem getur leitt til hófsamari drykkju.